1872, d. 11. jan. 1917. For.: Þorsteinn Sigmundsson og Guðríður Jónsdóttir, hjón í Gróf í Reykholtsdal.

Börn: **Hjörleifur** f. 23. júlí 1901, drukknaði í Skorradalsvatni 4. des. 1919. **Kristín** f. 20. júní 1904, g. Guðmundi Guðmundssyni frá Múlastöðum (Bæ. III, 289). **Abelína** f. 21. jan. 1906, ólst upp á Vilmundarstöðum, fór vestur í Miklaholtshrepp, óg. og bl. (G.I.)

### KRISTJÁN TEITSSON

F. 20. okt. 1915. For.: Teitur Erlendsson og Málfríður Jóhannsdóttir, hjón á Stóru-Drageyri í Skorradal. Var hjá foreldrum á Stóru-Drageyri til 1922, síðan á Horni í s.sv. til 1933 og á Akranesi búandi 1938–42. B. í Riftúni í Ölvesi 1942–64, síðan í Rvík. Nýtur maður og félagslyndur.

K.: 13. maí 1938, **Sigfríður** Einarsdóttir f. 10. sept. 1910. For.: Einar Eiríksson og Magnea Árnadóttir, hjón á Þóroddsstöðum í Ölvesi.

Börn: **Lilja** f. 15. apríl 1938, g. Ingólfi Ragnarssyni vélstj. í Kópavogi. **Hrafnhildur** f. 31. okt. 1940, g. Alfred Paulsen bygg-ingam. í Óðinsvéum á Fjóni. Erlendur **Ragnar** f. 12. marz 1944, bílstj. í Rvík, kv. Önnu Guðmundsdóttur. **Einar** Magnús f. 7. jan. 1947, rafvélavirki í Rvík, kv. Guðrúnu Eiríksdóttur. **Kári** f. 20. maí 1950, húsgagnasm. í Rvík, kv. Guðmundu Heydal. **Hörður** Teitur f. 12. okt. 1953, verkam. í Óðinsvéum, g. danskri konu sem heitir Vibekka. (G.I.)

### KRISTJÁN TÓMASSON

F. um 1825, d. 14. júlí 1883. For.: Tómas Gíslason frá Kjörseyri í Hrútafirði, síðar b. í Efranesi í Stafholtstungum, og Helga Guðlaugsdóttir frá Smyrlhóli í Dölum. Ólst að nokkru upp á Fjarðarhorni í Hrútafirði. Kom til Borgarfjarðar upp úr 1840. B. á Hermundarstöðum í Þverárhlíð 1848–55, en var þar næstu ár vinnum. og húsm. Var síðan vinnum. víða í Þverárhlíð og Norðurárdal og um tíma í Höfn í Melasveit, síðast í Norðtungu.

K. 1: 26. júní 1848, **Ingibjörg** Sigurðardóttir, ekkja Magnúsar Finnssonar á Hermundarstöðum, f. um 1798, d. 10. maí 1854. Þau bl., en hún átti börn eftir fyrri mann (sjá hér síðar um Magnús Finnsson).

K. 2: 9. okt. 1862, **Sæunn** Jóhannesdóttir f. 18. des. 1836, d. 18. okt. 1918. For.: Jóhannes Sveinsson og Herdís Bergþórsdóttir, hjón á Gnýsstöðum á Vatnsnesi.

Börn: **Kristján** f. 7. maí 1862, d. 29. s.m. **Ingibjörg** f. 19. nóv. 1863, d. 20. júní 1865. **Pétur** Fjeldsteð f. 25. júní 1865, b. á Guðnabakka. **Guðmundur** f. 10. júní 1866, var víða (Bæ. III, 362). **Ingibjörg** f. 18. ág. 1868, húsfr. í Deild á Álftanesi (Bæ. V, 40). **Helga** f. 10. ág. 1870, vinnuk. í Norðtungu (Bæ. IV, 312). **Guðný** f. 6. sept. 1871, g. Þorsteini Björnssyni sjóm. í Rvík, síðar bústýra Helga Thordersen í Rvík. **Jóhannes** f. 25. nóv. 1873, b. á Jófríðarstöðum í Rvík (Bæ. V, 236). **Ingveldur** f. 22. ág. 1875, g. Guðm. Hallgrímssyni (Bæ. III, 297). **Ingigerður** f. 26. ág. 1877, g. Jóni Gunnarssyni (Bæ. V, 426). **Tómas** f. 19. febr. 1881, d. 7. júní s.á.

Barnsmóðir: **Sigríður** Vigfúsdóttir f. 28. apríl 1834, d. 13. júlí 1912. For.: Vigfús Ólafsson og Ingiríður Jónsdóttir, hjón á Efrimýrum á Refasveit, síðar í Hjarðarholti í Stafholtstungum.

Barn: **Tómas** f. 8. jan. 1858, vinnum. í Stafholtsey, drukknaði í Hvítá 31. des. 1879.

Barnsmóðir: **Kristín** Sumarliðadóttir f. 13. okt. 1843 (sjá hér fyrr).

Barn: **Kristján** f. 7. okt. 1869, b. í Grísatungu. (G.I.)



### KRISTJÁN ÞORSTEINSSON

F. 14. sept. 1849, d. 5. febr. 1934. For.: Þorsteinn Oddsson og Elka Kristjánsdóttir, hjón á Reykjum í Lundarreykjadal. Var á Reykjum til 1883, bóndi á þriðjungi jarðar 1882–83. B. á Iðunnarstöðum í s.sv. 1883–86, á Englandi í s.sv. 1886–98. Eftir það var hann húsm. og lausam. í Lundarreykjadal, lengst á Skarði. Var greindur vel og minnugur og fróður um marga hluti. Ókv.

Bústýra: **Guðbjörg** Ingibjörg Guðmundsdóttir f. 7. jan. 1865. For.: Guðmundur Vigfússon og Gróa Finnbogadóttir í Sarpi (Bæ. III, 443). Guðbjörg varð síðan kona Sveinbjarnar bróður Kristjáns og bjuggu þau í Sauðagerði í Rvík.

Bústýra og barnsmóðir: **Helga** Guðmundsdóttir f. 7. nóv. 1862, d. 21. febr. 1944. For.. Guðmundur Ásbjörnsson og Sigríður Guðmundsdóttir, hjón á Litlafjalli (Bæ. III, 197).

Barn: **Árni** f. 18. des. 1894, b. á Stálpastöðum o.v. (G.I.)

### KRISTJÁN ÞORSTEINSSON

F. á Fremri-Hrafnabjörgum í Hörðudal 2. des. 1854, d. 6. des. 1924. For.: Þorsteinn Kristjánsson og f. k. h. Steinunn Jónsdóttir (Dalamenn I, 90 og III, 160). B. í Norðurbár í Eyrarsveit og Mávahlíð í Fróðárhreppi, flutti á Akranes og var í Skarðsbúð 1922 til dd., nefndur veitingamaður.

K.: 3. des. 1897, **Sigurlín** Þórðardóttir f. 6. ág. 1861, d. 26. okt. 1928. For.: Þórður Einarsson frá Bár í Eyrarsveit og k. h. Valdís Jónsdóttir frá Arney. Hún bjó ekkja í Skarðsbúð til dd.

Börn (þau er við sögu koma í héraðinu): **Geirþrúður** f. 5. apríl 1883, g. Bjarna Hallsteinssyni (Bæ. I, 335). **Guðbjörg** f. 12. jan. 1888, g. Einari Jónssyni ráðsm. á Hvanneyri (Bæ. II, 142). **Þórhildur** f. 3. ág. 1898, g. Guðmundi Þórarinssyni (Bæ. III, 460). Um hin börnin sjá Dalamenn III, 160. (A.G.)